

**158. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
2. júní 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2005044 - Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 22, umsókn um sólstofu.**

Umsókn um að byggja sólskála á vegg á Baugalundi 22. Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Baugalund 9, 14, 20, 24 og Blómalundi 11 og 13, sem skiluðu inn samþykki sínu.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt og deiliskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 2005274 - Víðigrund 5 - Grenndarkynning vegna stækkunar húss**

Umsókn um að byggja við húsið skv. meðfylgjandi uppdráttum. Ekki er til deiliskipulag af Víðigrund. Byggingin er innan byggingarreits.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna breytinguna skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal fyrir eigendum á Víðigrund 3, 4, 6, 7 og 8.*

**3. 2005361 - Þjóðbraut 3 - fyrirspurn um breytingu**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi.

*Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu þar sem það samræmist ekki gildandi skipulagi.*

**4. 2005360 - Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 3 A**

Lögð fram drög að deiliskipulagi Skógarhverfis áfanga 3A.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að drög að deiliskipulagi verði auglýst með almennum hætti. Í framhaldinu verði drögin kynnt á kynningafundi.*

**5. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundur og Lækjarbotnar - endurskoðun**

Lögð fram drög að deiliskipulagi fyrir Garðalund og Lækjarbotna (opin svæði).

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að drög að deiliskipulagi verði auglýst með almennum hætti. Í framhaldinu verða drögin kynnt á kynningafundi.*

RS

**6. 2004169 - Aðalskipulag- og deiliskipulag v. Skógarhverfis áf. 3A, og 3C, og Lækjarbotnar- lýsing.**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.

*Skipulags- og umhverfiráð leggur til að drög að breytingu á aðalskipulagi verði auglýst með almennum hætti. Í framhaldinu verði drögin á kynningarfundi.*

**7. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030**

Drög lögð fram.

*Árni Ólafsson skipulagsráðgjafi fór yfir drög að forsendum og greinargerð á endurskoðun á aðalskipulagi Akraness.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:10.**

Reagnar Samundsson  
Gentur Jón. Jóhannsdóttir  
Ólafur Ólafsson  
Stefan Þor Stefánsson  
Sif P. H.